



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 6/2007. Beiðni um útgáfu frímerkja með 20g áletrun í stað verðgildis

1. Erindið

Með bréfi, dags. 2. febrúar 2006, óskaði Íslandspóstur hf. eftir heimild Póst- og fjarskiptastofnunar til útgáfu frímerkis með áletruninni "**Bréf 20g Innanlands**". Í erindinu kom fram, að með því vildi fyrirtækið mæta kröfum ákveðins hluta markaðarins, einkum smærri fyrirtækja, um sjálflímandi frímerki í stærri sölueiningum. Sjálflímandi frímerki séu hins vegar mun dýrari í framleiðslu en venjuleg frímerki og því þurfi upplagið að vera stórt og samsvara allt að tveggja ára notkun, ekki séu því forsendur til að gefa út sjálflímandi frímerki með föstu verðgildi, þar sem gjaldskrár breytingar gætu leitt til þess að fyrirtækið sæti uppi með stórt upplag sem erfitt yrði að nota.

Í niðurlagi erindis Íslandspósts hf. kom fram að um tilraun væri að ræða til að koma til móts við þarfir og kröfur ákveðins hóps viðskiptavina.

2. Niðurstaða

Í 4. gr. laga um pósthjónustu er skilgreining á frímerki og gjaldmerki:

Frímerki: Tegund gjaldmerkis fyrir pósthjónustu sem er ávísun á ákveðna þjónustu. Öll frímerki skulu bera áletrunina „ÍSLAND“.

Gjaldmerki: Merki sem er límt eða stimplað á póstsendingar eða fylgibréf þeirra sem tákn um að greitt hafi verið fyrir viðkomandi pósthjónustu

Í 2. mgr. 31. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2003, er fjallað um gjaldmerki, frímerki, dagstimplun og fleira sem lýtur að meðferð póstsendinga, en ákvæðið hljóðar svo:

"Á póstsendingar sem falla undir alþjónustu skal setja gjaldmerki sem ber með sér hvert sé gjald fyrir póstsendinguna. Gjaldmerki getur verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á pósthjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Frímerki sem hefur verið dagstimplað hættir að vera ávísun á nýja þjónustu. Gjaldmerki getur einnig verið í formi ástimplunar á póstsendingu eða fylgibréf hennar með frímerkingavél notanda eða annarri ástimplun af hálfu rekstrarleyfishafa. Í stað ástimplunar á póstsendingu má nota ástimplað gjaldmerki. Gjaldmerki önnur en frímerki skulu bera heiti viðkomandi rekstrarleyfishafa eða númer sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar honum. Póstrekendum er heimilt að taka við fjöldasendingum án þess að gjaldmerki fylgi hverri sendingu svo framarlega sem póstsendingarnar verða merktar sérstaklega og dagstimplaðar."

Samkvæmt ákvæðinu skal setja gjaldmerki á póstsendingar sem staðfestingu á greiðslu burðargjalds. Gjaldmerki getur einnig verið í formi frímerkis sem gildir sem ávísun á póstpjónustu og skal sýna verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur svo þegar sérstaklega stendur á heimilað að notuð verði, tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis.

Tilgangur gjaldmerkis, frímerkja og áprentana um greitt burðargjald hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera sá að sýna fram á að greitt hafi verið fyrir póstpjónustu á viðkomandi sendingu. Ef litið er á skilgreiningu laganna á hugtakinu frímerki, sést að frímerki skal vera ávísun á ákveðna þjónustu og sérstaklega er tiltekið að öll frímerki skuli bera áletrunina Ísland. Af 2. mgr. 31. gr. laganna má ráða að sýna skal verðmæti frímerkisins. Póst- og fjarskiptastofnun getur síðan þegar sérstaklega stendur heimilað að notuð verði tímabundið, frímerki með áletrun um þyngdarflokk bréfa í stað verðgildis. Í greinargerð með frumvarpi til laga um póstpjónustu kemur fram að gert sé ráð fyrir að slík heimild verði veitt þegar gripið er til gjaldskrárhækkana með stuttum fyrirvara en slík tilfelli ættu að vera undantekning. Greinargerðin er að öðru leyti þögul um hvernig skilja á orðalagið "*þegar sérstaklega stendur á*" eða hvað átt er við með "*að notuð verði, tímabundið*". Í erindi Íslandspóstis hf. kemur fram að ætlunin með útgáfunni sé m.a. að koma til móts við þarfir markaðarins með útgáfu sjálflímandi frímerkis, vegna kostnaðar sé hins vegar ekki forsendur til að gefa út sjálflímandi frímerki með föstu verðgildi, þar sem sjálflímandi frímerki séu dýrari í framleiðslu en venjuleg frímerki og gjaldskrárbreytingar gætu orðið til þess að fyrirtækið sæti uppi með stórt upplag sem erfitt yrði að nota.

Póst- og fjarskiptastofnun lýtur svo á að með útgáfu frímerkis með áletruninni "**Bréf 20g Innanlands**", sé verið að auka valmöguleika þeirra sem nota póstpjónustu að því er varðar tegundir frímerkja, þá verður ekki séð að hætta sé á því að notendur þjónustunnar skaðist á nokkurn hátt vegna þessa. Frímerki sem keypt er með áletrun um þyngdarflokk heldur t.d. verðgildi, sem ávísun á póstpjónustu innan þess þyngdarflokks sem tiltekin er á frímerkinu, óháð því hvort gjaldskrárbreytingar hafi orðið frá því frímerkið var keypt.

Eitt af verkefnum Póst- og fjarskiptastofnunar er m.a. að tryggja að alþjónusta þróist í takt við þarfir notenda, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga um póstpjónustu. Eins og fram kemur í erindi Íslandspóstis er hér um ákveðna tilraun að ræða til að koma til móts við þarfir ákveðins hluta af viðskiptavinum fyrirtækisins. Í því ljósi telur stofnunin einnig rétt að veita undanþágu frá skilyrði laganna um að frímerki skuli sýna ákveðið verðgildi.

Með vísun til ofangreinds telur Póst- og fjarskiptastofnun að þau sjónarmið sem rakin eru hér að ofan rúmist innan orðalags laganna: "*þegar sérstaklega stendur á*" og heimilar sem tilraunaverkefni útgáfu frímerkis með áletrun um þyngdarflokk í stað verðgildis. Heimilt er að nota frímerkið sem ávísun á póstpjónustu á meðan upplag leyfir.

Þess er óskað að Íslandspóstur skili inn til Póst- og fjarskiptastofnunar greinargerð um helstu kosti og galla sem koma í ljós varðandi notkun frímerkisins þegar notkun verður hætt.

3. Ákvörðunarorð

Íslandspósti hf. er hér með veitt heimild til að gefa út frímerki með áletruninni "Bréf 20g Innanlands".

Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar.

Póst- og fjarskiptastofnun 9. mars 2007

Virðingarfyllst,

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson